

## Háskólinn á Akureyri Ársfundur 2007

Ársfundur Háskólans á Akureyri (HA) var haldinn í stofu L201 á Sólborg þriðjudaginn 18. desember 2007 og hófst kl. 10:00. Þóroddur Bjarnason, fundarstjóri, setti fundinn og kynnti dagskrá hans.

### 1. Ávarp menntamálaráðherra

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra flutti ávarp þar sem hún rakti fyrst í stuttu máli þróun samningagerðar milli HA og menntamálaráðuneytisins og greindi frá megináherslum í fyrri samningum þessara aðila um kennslu og rannsóknir. Sagði hún þann samning sem nú stæði til að undirrita byggjast á stefnu HA sem og á stefnu stjórnvalda. Gat hún þess að þessi samningur hefði nokkra sérstöðu gagnvart fyrri samningum af sama toga þar sem hann væri árangurstengdur og í honum hefðu verið skilgreind mælanleg markmið. Menntamálaráðuneytið og HA kæmu síðan til með að meta í sameiningu hvort þau markmið hefðu náðst.

Í máli menntamálaráðherra kom jafnframt fram að fjárframlög til HA yrðu aukin um samanlagt 275 milljónir á samningstímanum; 75 milljónir árið 2008, 100 milljónir árið 2009 og 100 milljónir árið 2010. Var það von hennar að samningurinn eflði HA og ýtti undir sérstöðu skólans. Óskaði hún HA að lokum velfarnaðar og vakti um leið athygli á að samningurinn sem senn yrði undirritaður gerði kröfur til skólans um vinnuframlag sem vonandi yrði honum sjálfum til heilla.

### 2. Undirritun samnings við menntamálaráðuneyti um kennslu og rannsóknir

Þorsteinn Gunnarsson rektor og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra undirrituðu samning um kennslu og rannsóknir við HA (sjá nánar um inntak samningsins í liðum 1. og 5.).

### 3. Ávarp formanns stjórnar LÍÚ

Björgólfur Jóhannsson, formaður stjórnar LÍÚ, flutti ávarp þar sem hann greindi frá aðdraganda þess samnings sem undirritaður skyldi á fundinum milli LÍÚ og HA um menntun og rannsóknir í sjávarútvegi. Sagði hann menntun í sjávarútvegi mikilvæga í augum LÍÚ en kvaðst jafnframt telja að hún hefði átt undir högg að sækja um nokkurt skeið. Því teldi LÍÚ það skyldu sína að styðja með myndarlegum hætti þá menntun á þessu sviði sem HA býður upp á. Samningurinn felur í sér að LÍÚ styrkir menntun og rannsóknir í sjávarútvegi við HA um 45 milljónir á næstu þremur árum, þ.e. á tímabilinu 2008-2010. Gat Björgólfur þess að margir nemendur sem útskrifast hefðu úr námi í sjávarútvegsfræðum frá HA hefðu jafnframt komið til starfa í sjávarútvegi og eflaust styrkt greinina til muna. Þannig verði samningurinn vonandi bæði HA og LÍÚ til heilla.

### 4. Undirritun samnings við LÍÚ um menntun og rannsóknir í sjávarútvegi

Þorsteinn Gunnarsson rektor og Björgólfur Jóhannsson, formaður stjórnar LÍÚ, undirrituðu samning um menntun og rannsóknir í sjávarútvegi (sjá nánar um inntak samningsins í lið 3.). Menntamálaráðherra var vottur að undirrituninni.

## 5. Ræða rektors

Þorsteinn Gunnarsson rektor hóf mál sitt á því að segjast ekki myndu flytja hefðbundna ársfundarræðu og kvaðst þess í stað ætla að leggja megináherslu á að kynna þá tvo samninga sem undirritaðir voru á fundinum. Gat hann þess þó sérstaklega að á yfirstandandi ári hefðu öll fræðasvið HA verið metin af sérfræðinganefndum og að niðurstöður þeirra, sem liggja ættu fyrir í byrjun næsta árs, myndu gefa góða vísbendingu um stöðu skólans.

Vék rektor þessu næst að samningi HA við menntamálaráðuneytið um kennslu og rannsóknir. Í máli hans kom fram að samningurinn næði til árána 2008-2010 og að í honum væru sett skýr markmið og tölusettir mælikvarðar varðandi starfsemi skólans á tímabilinu. Þá yrði árangur samningsins metinn árlega. Samkvæmt samningnum munu fjárframlög til HA hækka um 275 milljónir króna á samningstímanum, með þeim hætti sem menntamálaráðherra greindi frá (sjá lið 1). Gat rektor þess að sameiginlegt markmið HA og menntamálaráðuneytisins með samningnum væri að skapa forsendur fyrir því að skólinn öðlaðist viðurkenningu sem háskóli á heimsmælikvarða á skilgreindum fræðasviðum. Er þar vísað til hinna þriggja meginsviða skólans, þ.e. félagsvísinda, heilbrigðisvísinda og markaðs- og auðlindavísinda. Kom rektor jafnframt að því að náð samstarf yrði haft við sjávarútvegsgeirann, ekki síst með tilkomu samnings þess sem undirritaður var á fundinum við LÍÚ um menntun og rannsóknir í sjávarútvegi. Markmiðið með þeim samningi er að efla sjávarúrveg í samráði við atvinnulífið og, sem fyrr segir, leggur LÍÚ fram 45 milljónir á árunum 2008-2010 til að það markmið náist.

Rektor beindi nú athyglinni aftur að samningum við menntamálaráðuneytið um kennslu og rannsóknir og rakti áherslur hans. Þær eru þessar helstar:

- Að HA endurskoði skipulag skólans í heild með það að markmiði að styrkja faglegan grundvöll fræðastarfseminnar.
- Að HA muni halda áfram að byggja upp krefjandi og styðjandi námsumhverfi fyrir nemendur og starfa í virkum tengslum við samfélagið.
- Að HA efni til samstarfs við valda erlenda háskóla í tengslum við uppbyggingu náms, rannsóknir, rekstur og stjórnun.
- Að HA leggi áherslu á kennslu og rannsóknir í greinum sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenskt atvinnulíf, m.a. sjávarútvegsfræði og auðlindanýtingu.
- Að HA leiði þróun fjarnáms á Íslandi í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og háskólasetur á landsbyggðinni.
- Að HA verði alþjóðleg miðstöð norðurslóðasamstarfs og taki forystu í þessum málaflokki á alþjóðlegum vettvangi.
- Að HA hafi forystu um að byggja upp alþjóðlegt framhaldsnám og rannsóknir á svið endurnýjanlegra orkugjafa í samstarfi við öflug orku- og fjármálafyrirtæki og erlenda háskóla.
- Að HA leggi áherslu á yfirfærslu þekkingar milli skóla og atvinnulífs. Þannig hafi HA forgöngu, m.a. með tilstuðlan þróunarfélagsins þekkingarvörður, um að komið verði á fót vísindagörðum á lóð háskólans fyrir fyrirtæki í þekkingaruppbyggingu.

Útlistaði rektor síðan nánar nokkrar þessara áherslna. Kom þar m.a. fram að stefnt er að því að byggja upp öflugt og sveigjanlegt meistaranám á völdum fræðasviðum og undirbúa doktorsnám í samvinnu við innlenda og erlenda háskóla. Einnig er það ætlun HA að fjölga birtingum starfsmanna sinna í innlendum og erlendum ritrýndum fræðiritum og auka fjármagn til skólans úr innlendum og erlendum rannsóknasjóðum. Þá er stefnt að því að bæta aðstöðu og þjónustu við nemendur, fjölga föstum kennurum við HA með doktorsgráðu, innleiða

viðmið um æðri menntun og prófgráður, auka framboð fræðagreina í fjarnámi og auka þar fjölbreytni í náms- og kennsluáðferðum.

Rektor lagði að lokum mat á samninginn við menntamálaráðuneytið og sagði hann í raun sprottinn úr stefnumótunarstarfi allra deilda og starfseininga HA frekar en að vera einhvers konar boð að ofan. Þá væri hann ekki lýsing á núverandi stöðu skólans heldur fremur tæki til að efla starfsemi hans enn frekar. Um leið væri samningurinn viðurkenning á þeirri þýðingu sem HA hefur fyrir íslenskt samfélag og lýsti stórhug og metnað yfirvalda menntamála til áframhaldandi eflingar HA.

## 6. Rekstur háskólans

Ólafur Halldórsson, framkvæmdastjóri HA, gerði grein fyrir rekstri HA 2006. Sagði hann reksturinn hafa verið erfiðan undanfarin ár en nú horfði til betri vegar, ekki síst vegna tilkomu þeirra samninga sem undirritaðir voru á fundinum. Þetta endurspegladist að nokkru leyti í ársreikningi HA fyrir 2006 en þar kom fram að tekjur HA jukust úr 287,5 milljónum árið 2005 í 354,7 milljónir árið 2006, eða um 23,4%. Á sama tíma jukust rekstrargjöldin aðeins um 3,4%, eða úr 1.313.549 krónum árið 2005 í 1.358.035 árið 2006. Tekjuhalli ársins 2006 var jafnframt töluvert minni en halli ársins 2005; fór í 15,3 milljónir úr 86,6 milljónum.

Í efnahagsreikningi fyrir árið 2006 kom fram að eigið fé skólans var neikvætt um tæpar 337 milljónir og að skuld skólans við ríkissjóð var 492,6 milljónir. Eignir skólans námu 168,6 milljónum.

Ólafur vék þessu næst að þróun fjárlaga árin 2004-2008. Þar kom fram að nemendaframlag og framlag til rannsókna og annarra verkefna hefur aukist jafnt og þétt á tímabilinu. Greiðslur úr ríkissjóði fara jafnframt hækkandi og þannig hefur framlag á hvern nemanda við HA hækkað undanfarin ár og er nú komið upp fyrir þá tölu sem sjá mátti á árunum 1996-2000 eftir að hafa verið heldur neðan þeirrar tölu síðustu ár. Að lokum gerði Ólafur stuttlega grein fyrir rekstri HA árin 2001-2006 og þar kom fram að böndum virðist hafa verið komið á reksturinn eftir mikið tap árin 2003-2005. Kvað Ólafur útlit fyrir að árið 2007 yrði gert upp réttu megin við strikið.

## 7. Málstefna HA

Brynhildur Þórarinsdóttir, aðjúntkt við kennaradeild HA, kynnti fyrirleggjandi tillögu að málstefnu fyrir Háskólann á Akureyri. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að íslenska verði skilgreind sem opinbert tungumál HA. Um leið gengur tillagan út frá því að enska og önnur tungumál verði notuð í starfsemi HA eftir því sem þörf krefur. Er hér unnið út frá þeirri grundvallarhugmynd, sem áréttuð er í lögum um háskóla, að eðli háskólastarfsemi sé tvíþætt og lúti bæði að innlendu og alþjóðlegu samfélagi. Vékk Brynhildur nánar að þessu og tiltók að í skyldum HA við innlent samfélag fælist m.a. að starfsfólki skólans bæri að miðla þekkingu sinni og fræðum á íslensku og vera til fyrirmyndar um notkun málsins. Einnig yrðu nemendur að læra að tjá sig um fræði sín á íslensku, í ræðu jafnt sem riti. Hvað varðar skyldur HA við alþjóðlegt umhverfi sitt kvað Brynhildur starfsfólk skólans þurfa að vera færnt um að tjá sig um fræði sín á erlendum málum, jafnt ensku sem öðrum. Að öðrum kosti gæti skólinn ekki gert sig gildandi á alþjóðlegum vettvangi með því að koma rannsóknum og fræðum starfsfólks síns á framfæri og átt í samstarfi við menntastofnanir víða um heim.

Til þess að markmið tillögunnar nái fram að ganga er nauðsynlegt að HA útvegi starfsfólki sínu málfarslegan stuðning. Vakti Brynhildur athygli á því að hér væri ekki eingöngu átt við stuðning í sambandi við kennslu, greinaskrif o.fl. á ensku og öðrum erlendum málum heldur ekki síður stuðning eða málfarsaðstoð við ritun fræðilegra greina á íslensku. Einnig benti Brynhildur sérstaklega á að kunnátta í ensku einni og sér væri ekki fullnægjandi

þar sem halda þyrfti við og efla tengsl við fræðaheima annarra málsvæða. Þá væri brýnt að sinna þörfum erlendra kennara sem starfa við HA og þurfa að geta notað íslenskt mál.

Brynhildur rakti stuttlega þá undirbúningsvinnu sem liggur að baki tillögunni. Kom þar fram að í ágúst 2006 var Brynhildur skipuð í nefnd, ásamt þeim Rafni Kjartanssyni og Andrew Brooks, sem vinna skyldi tillöguna. Í því ferli sem nú hófst fundaði nefndin reglulega og aflaði sér gagna, bæði innanlands og utan. Einnig var rætt við alla deildarforseta HA, fulltrúa annarra háskóla á landinu og gerð var viðamikil spurningakönnun sem öllum kennurum og nemendum HA bauðst að taka þátt í. Voru niðurstöður þeirrar könnunar hafðar til hliðsjónar er tillaga sú sem hér hefur verið gerð grein fyrir var útbúin. Sagði Brynhildur þá tillögu ítarlegri og nákvæmari en dæmi væru um í öðrum háskólum hér á landi, en auk HA hefur aðeins Háskóli Íslands markað sér málstefnu. Kvað Brynhildur nálgun HA gefa skólanum tækifæri til að taka forystu í máli sem sífellt brýnna væri að sinna.

## 8. RES – Orkuskóli

Björn Gunnarsson, forstöðumaður RES – Orkuskóla, kynnti skólann og starfsemi hans. Sagði hann meira en þriggja ára undirbúningsvinnu liggja að baki skólanum sem starfræktur er af Orkuvörðum ehf, en að því félagi standa Þekkingarvörður ehf., Rarik, Landsbanki Íslands, Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, KEA, Akureyrarbær, Norðurorka og Landsvirkjun. Kynnti Björn þessu næst stjórn Orkuvarða, það starfsfólk sem ráðið hefur verið til RES - Orkuskólans, íslenska samstarfsaðila skólans og framtíðarhúsnæði hans sem verður í fyrirhugaðri viðbyggingu við Borgir.

Að þessum inngangsorðum loknum vék Björn nánar að skipulagi og starfsemi RES - Orkuskólans. Sagði hann sérstöðu hans felast í því að í honum væri lögð áhersla á allar gerðir endurnýjanlegrar orku frekar en einhverja eina eða fleiri tiltekna gerðir og kvaðst ekki vita til þess að annar sambærilegur skóli væri starfræktur. RES – Orkuskóla er svo skipt í fimm megináherslusvið sem eru meistara- og doktorsnám, sumarskóli, leiðtogaskóli, RESnet og orkurannsóknir. Gerði Björn síðan nokkra grein fyrir hverju og einu þessara sviða. Kom hann þar fyrst inn á meistaránám það í endurnýjanlegum orkufræðum sem RES – Orkuskóli mun bjóða upp á í kjölfar þar að lútandi samstarfssamnings milli RES, HA og HÍ. Nám þetta hefst með setningu RES – Orkuskóla þann 9. febrúar 2008 og stendur innritun nú yfir. Nú eru skráðir til námsins neman frá alls 10 löndum og fjöldi erlendra gistiprófessora frá viðurkenndum erlendum rannsókn- og tækniháskólum mun kenna við skólann.

Sumarskóli RES – Orkuskóla var fyrst starfræktur sumarið 2007 en þá sóttu hann 15 háskólanemar frá Bandaríkjunum. Í skólanum er boðið upp á 7 vikna námskeið um endurnýjanlega orku, auk íslenskunámskeiðs. Búast má við að allt að 45 háskólanemar frá Bandaríkjunum sæki sumarskólann árið 2008 og jafnframt er stefnt að því að fá til hans rússneska nema í náninni framtíð.

Leiðtogaskóli RES – Orkuskóla mun hefja starfsemi sína haustið 2008 en þar er gert ráð fyrir að bjóða stjórnendum fyrirtækja, fjármálastofnana og ríkisstofnana upp á 1-3 daga námskeið, í samvinnu við rannsókn- og menntastofnanir í Evrópu og Norður-Ameríku. Verða námskeiðin í boði bæði á Íslandi og erlendis.

RESnet er samstarfsnet rannsóknasetra í endurnýjanlegum orkugjöfum og er markmið þess að byggja upp rannsókn- og menntasetur í endurnýjanlegum orkufræðum og orkutækni hjá samstarfsaðilum. Net þetta teygir þegar anga sína til Austur-Evrópu og Norður-Ameríku, en viðræður um hugsanlegt samstarf hafa farið fram við aðila víða um heim.

Síðasta meginviði RES – Orkuskólans, orkurannsóknunum, verður sinnt með því að nýta aðstöðu til rannsókna hjá samstarfsstofnunum skólans, jafnt innanlands sem erlendis. Þannig eru þegar til staðar þjónustusamningar milli RES – Orkuskóla og HA og HÍ sem veita

RES aðgang að rannsóknaaðstöðu skólanna. Á sama tíma vinnur RES – Orkuskóli að því að byggja upp sína eigin rannsóknaaðstöðu.

Að lokum dró Björn kynningu sína saman og sagði RES – Orkuskóla vera samfélagslegt verkefni þar sem Íslendingar nýttu styrkleika sinn á sviði endurnýjanlegra orkufræða. Kvað Björn skólanum vera ætlað að auka þekkingu og rannsóknir á endurnýjanlegum orkugjöfum og styðja við þau fjölmörgu fyrirtæki og stofnanir sem störfuðu á því sviði. Vonaðist hann eftir góðum stuðningi heiman frá við þetta verkefni.

## 9. Önnur mál

Þórir Sigurðsson bar fram fjórar spurningar; tvær ætlaðar rektor, eina ætlaða framkvæmdastjóra HA og eina ætlaða menntamálaráðherra. Þórir spurði rektor í fyrsta lagi að því hvað vinnu við starfsmannastefnu og siðareglur HA liði. Í öðru lagi spurði hann rektor um viðbrögð hans við þeirri stefnu sem HA hefur borist vegna málshöfðunar fyrrum starfsmanns, sem sagt var upp störfum fyrir nokkru, skólanum á hendur. Þessu næst spurði Þórir Ólaf Halldórsson, framkvæmdastjóra HA, að því hvenær og hvernig skuld skólans við ríkissjóð yrði greidd. Að lokum beindi Þórir máli sínu til menntamálaráðherra og benti á að nú stæði fyrir dyrum sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Spurði Þórir ráðherra að því hvort fleiri hugmyndir væru uppi um sameiningu og hvort þær hugmyndir snertu HA á einhvern hátt.

Kristín Aðalsteinsdóttir tók til máls á eftir Þóri og spurði Björn Gunnarsson, forstöðumann RES – Orkuskólans, að því hvort hann sæi fyrir sér að skólinn gæti tengst háskólum í Eþíópíu, Eritreu og víðar í Afríku og þannig beitt sér fyrir uppbyggingu á sínu sviði í þessum heimshluta.

Rektor svaraði fyrstu tveimur spurningum Þóris Sigurðssonar. Sagði hann nefnd að störfum sem ynni að mótun starfsmannastefnu fyrir HA. Hefði hún m.a. staðið fyrir almennum fundi þar sem farið var yfir þau atriði sem taka þyrfti til athugunar í stefnunni. Niðurstaðna úr vinnu nefndarinnar væri að vænta innan skamms. Rektor sagði svo að svipaða sögu mætti segja varðandi siðareglur HA. Til væru siðareglur varðandi nemendur en nú væri að störfum nefnd sem ynni að mótun sambærilegra reglna varðandi starfsfólk og von væri á niðurstöðum þeirrar nefndar innan skamms. Þá gat rektor þess að nú væri unnið að jafnréttisstefnu HA.

Seinni spurningu Þóris til rektors svaraði rektor þannig að umrædd stefna væri í eðlilegum farvegi. Ríkislögmaður annaðist málið fyrir hönd HA og viðbrögð skólans mótuðust af tókum hans á því.

Ólafur Halldórsson svaraði spurningu Þóris varðandi skuld HA við ríkissjóð á þann veg að enn sem komið væri hefði hún ekki verið rædd sérstaklega. Síðasta 1½ árið hefðu farið fram umfangsmiklar viðræður milli HA og menntamálaráðuneytisins en þær hefðu eingöngu beinst að því hvernig hægt væri að ná tókum á rekstrinum. Skuldin yrði rædd síðar.

Þessu næst svaraði Björn Gunnarsson fyrirspurn Kristínar Aðalsteinsdóttur og kvaðst hann vel sjá fyrir sér samstarf við Afríkuríki í náninni framtíð. Sagði hann ástæðu þess að ekki hefði verið leitað til þeirra hingað til þá að RES – Orkuskólinn hefði fyrst um sinn fyrst og fremst sótt í EFTA-sjóði um fjármagn og þar með verið nokkuð bundinn varðandi það til hvaða landa væri leitað um stuðning og samstarf.

Að lokum svaraði menntamálaráðherra þeirri spurningu Þóris Sigurðssonar sem beint var til hennar. Sagðist hún ekki ætla að gefa út neinar yfirlýsingar að svo stöddu um hugsanlegar frekari sameiningar háskóla. Auk þessa svars óskaði hún HA til hamingju með þá málstefnu sem skólinn hefði mótað sér en gat þess jafnframt að Háskóli Íslands ynni nú að endurnýjun sinnar málstefnu. Þá greindi ráðherra frá því að í nýju frumvarpi um opinbera

háskóla, sem hún vonaðist til að geta kynnt í byrjun árs 2008, væri fjallað sérstaklega um stöðu íslensks máls og kveðið á um að íslenska verði opinbert tungumál íslenskra háskóla.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundarstjóri sleit fundi kl. 11:45.

Þóroddur Bjarnason  
fundarstjóri

Finnur Friðriksson  
fundarritari